

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

THE FEDERATION OF ICELANDIC FISHING VESSEL OWNERS.



HAFNARHVOLI VIÐ TRYGGVAGÖTU · P.O.BOX 893 · REYKJAVÍK · TEL.354 552 9500 · TELEFAX 354 551 6056

Alþingi
Erindi nr. P 125/2050
komudagur 4.5.2000

Nefndasvið Alþingis
v/samgöngunefndar,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 4.maí 2000

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn sjóslysa.

1. Almennar athugasemdir.

Við höfum móttengið bréf ykkar dags. 13. apríl sl. þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um rannsókn sjóslysa.

Við höfum lengi deilt á þá starfshætti, sem Rannsóknanefnd sjóslysa hefur viðhaft og lýst óánægju með störf hennar og þá einkum störf starfsmanns hennar.

Við höfum skilið tilgang nefndarinnar á þann veg, að hún rannsaki sjóslys og nýti þá rannsókn til þess að koma í veg fyrir eins og kostur er að hliðstæð slys endurtaki sig.

Það gerist ekki með því að birta niðurstöður rannsókna 3-4 árum eftir að slys verður eins og verið hefur um mörg undanfarin ár. Við höfum orðið þess áþreifanlega varir að skýrslur nefndarinnar eru ekki lesnar eða þeim ekki sýndur áhugi vegna þess hversu gamlar þær eru þegar þær birtast.

Við höfum lengi bent á og haft áhyggjur af hve sjóslys eru algeng um og viljað gera það sem í okkar valdi getur staðið til að koma í veg fyrir þau. Teljum við að rannsókn einstakra slysa eigi að kynna fyrir hlutaðeigendi og nýta ennfremur rannsóknina til þess að koma í veg fyrir að hliðstæð slys gerist í öðrum skipum.

Í því sambandi þarf að auka kynningarstarf m.a. um nauðsyn á notkun öryggistækja, sem því miður er ekki eins og vera ber. Með sama hætti þarf strax að rannsókn lokinni að beina upplýsingum til annarra útgerða til að koma í veg fyrir endurtekin slys.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. frumvarpsins teljum við ekki nóg að gert og nýta þurfi samstarf við samtök sjómanna og útvegsmanna til átaks til slysavarna.

2. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

2. grein.

Í 2. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir því að hugtakið sjóslys verði skilgreint í reglugerð. Mikilvægt er að í lögnum verði það skýrt að með hugtakinu sé ekki átt við minniháttar atburði.

3. grein.

Við teljum að vegna eðlis starfsemi nefndarinnar sé það nauðsynlegt að formaður nefndarinnar uppfylli hæfisskilyrði til að vera dómari.

6. grein.

Í 1. mgr. greinarinnar er það lagt á skipstjóra eða þann sem í hans stað kemur að skrá og tilkynna atvinnusjúkdóma. Við sjáum ekki hvernig skipstjóri á að geta metið það hvort um atvinnusjúkdóma sé að ræða.

Í 2. mgr. greinarinnar er það lagt að alla þá sem verða þess áskynja að sjóslys, önnur en þau sem í 1. mgr. greinir, hafi átt sér stað að tilkynna og ganga úr skugga um að rannsóknarnefnd sjóslysa fái vitneskju um slysið. Við teljum rangt að leggja þessa skyldu á aðra en þá sem sérstaklega eru tilgreindir enda verður að telja afar ólíklegt að hinn almenni borgari muni sinna þessari lagaskyldu.

8. grein.

Í 2. mgr. 8. greinar er kveðið á um að ef lögreglurannsókn fer fram á vettvangi þá skuli aðilar hafa samráð um vettvangsskoðun. Með tilliti til þess að rannsókn á meintri refsiverðri háttsemi í tengslum við sjóslys sé óháð rannsókn skv. lögnum teljum við óheppilegt að blanda saman störfum nefndarinnar og lögreglunnar.

10. grein.

Við teljum rétt að kveða á um eftir hvaða reglum það verði borið undir dómara að skip verði látið laust sbr. 2. mgr. 10. greinar.

11. grein.

Til að tryggja að þeir sem rannsóknarnefnd sjóslysa kveður fyrir nefndina þarf að vera ákvæði um nefndin geti látið færa menn fyrir hana.

13. grein.

Í 2. ml. 13. greinar er fjallað um að ef gerð er skrifleg krafa um að mega tjá sig áður en lokaskýrsla er gerð þá skuli verða við því. Væntanlega er hér einungis átt við þá sem fjallað er um í 1. ml. 13. greinar og því er rétt að taka það sérstaklega fram.

Við erum fúsir til viðræðna um framkvæmd á rannsóknum sjóslysa er megi stuðla að fækkun þeirra, því á því er mikil nauðsyn.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna



Friðrik Jón Arngrímsson